

gruns um brot gegn lögum 58/1960, en refsing fyrir brot gegn þeim lögum getur ekki farið fram úr sektum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaðan sú, að Styrmi Gunnarssyni verður talið óskýlt að bera vitni um það, hver framangreindur auglýsandi sé.

Úrskurðarorð:

Styrmi Gunnarssyni er ekki skylt að bera vitni um framan-
greint atriði.

Þriðjudaginn 17. janúar 1978.

Nr. 3/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
 Birni Vilmundarsyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Dómarafulltrúi. Ómerking.
Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga
nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30.
desember 1977, en ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kær-
unnar, svo sem áskilið er í nefndri 171. gr. Gögn málsins bær-
ust Hæstarétti 4. janúar 1978.

Kröfur varnaraðilja eru þær, „að úrskurðað verði, að Þórir
Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, sé vanhæf-
ur til að fara með rannsókn máls kæranda fyrir sakadómi
Reykjavíkur og jafnframt að úrskurðað verði, að yfirsaka-
dómarinn í Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, sé vanhæfur
til að vinna að málinu eða láta vinna að því. Er krafist, að
þeir báðir víki sæti í málinu.“

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist kröfur né greinar-
gerð.

Þórir Oddsson aðalfulltrúi hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, svo sem 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974 heimilar.

Krafa varnaraðilja, sú er hann hafði uppi fyrir sakadómi, að „úrskurðað verði, að yfirsakadómarinn í Reykjavík sé vanhæfur til að vinna að . . . eða láta vinna að“ rannsókn máls þessa, varð ekki úrskurðuð af fulltrúa yfirsakadómarans, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974 og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936. Úrskurður um það atriði skiptir máli um hæfi Þóris Oddssonar aðalfulltrúa til að halda áfram dómsrannsókn í málinu, sbr. síðastnefnt ákvæði laga nr. 74/1974 og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936. Af þessum ástæðum verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Eðlilegast var, ef varnaraðili hugðist krefjast þess, að yfirsakadómari viki dómarasæti, að hann hefði leitað sjálfstæðs úrskurðar um það.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 29. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er af Þóri Oddssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Tíldrög máls þessa eru þau, að með bréfi, dags. 13. október 1976, fór ríkisskattstjóri þess á leit við ríkissaksóknara, að hann hlutaðist til um frekari rannsókn fyrir sakadómi vegna athugunar rannsóknadeildar ríkisskattstjóra á skattframtölum Gunnars Jóhannssonar, Hátúni 12, Reykjavík, fyrir gjaldárin 1972, 1973, 1974, 1975 og 1976, bókhaldi hans vegna verslunarinnar Antikhúsgögn, Vesturgötu 3 í Reykjavík, og söluskattsskýrslum rekstrarárin 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975.

Þá óskaði ríkisskattstjóri sérstaklega eftir, að tengsl og ábyrgð

Björns Vilmundarsonar, Ægissíðu 94 í Reykjavík, í sambandi við rekstur verslunarinnar yrðu könnuð rækilega og jafnframt yrði kannaður raunverulegur innflutningur Björns á árunum 1971, 1972, 1973, 1974 og 1975 og ráðstöfun hans.

Með bréfi, dags. 15. október 1976, til yfirsakadómarans í Reykjavík krafðist ríkissaksóknari dómsrannsóknar um þau efni, sem greind eru í bréfi ríkisskattstjóra frá 13. október 1976.

Rannsókn var falin Þóri Oddssyni aðalfulltrúa, og hófst hún þann 19. janúar 1977.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 31. mars 1977, var rannsóknardómaranum veitt leyfi frá störfum við sakadóm Reykjavíkur og jafnframt falið að vinna að undirbúningi að stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins ásamt rannsóknarlögreglu stjóra ríkisins.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1977, var rannsóknardómara enn veitt leyfi frá störfum við sakadóm Reykjavíkur til loka þessa árs, eða til 31. desember 1977.

Með bréfi, dags. 29. júlí 1977, samþykkti dóms- og kirkjumálaráðuneytið, að dómari héldi áfram meðferð rannsóknarinnar við sakadóm Reykjavíkur.

Eins og áður greinir, hófst rannsókn fyrir sakadómi þann 19. janúar sl., og beindist hún aðallega að því að reyna að upplýsa um raunverulegan innflutning Björns Vilmundarsonar sjálfs á fornhúsgögnum og ráðstöfun hans á þeim.

Komið hefur fram við rannsóknina, að Björn hefur sett húsgögn í umboðssölu í verslunina Antik-húsgögn, Vesturgötu 3, Reykjavík, í mun ríkara mæli en áður var talið, enda bera upplýsingar úr víxlasþjaldskrá Landsbanka Íslands það með sér, að um umtalsverð viðskipti hafi verið að ræða.

Þá hefur rannsóknin beinst að því að upplýsa, hver sé raunverulegur eigandi að þeim húsgögnum, sem flutt hafa verið til landsins, sbr. tollskýrslur, sem lagðar hafa verið fram í málinu.

Loks hefur verið reynt að afla upplýsinga um það, með hvaða hætti kaup á húsgögnum hafi verið fjármöggnuð.

Við yfirheyrslur hefur Björn Vilmundarson gefið óljós og ófullnægjandi svör við sumum spurningum dómara og neitað að upplýsa um nokkur atriði, sem spurt hefur verið um. Hefur þessi afstaða Björns Vilmundarsonar síst orðið til þess að hraða rannsókninni, heldur þvert á móti gert hana erfiðari.

Með bréfi til dómsins, dags. 2. þ. m., hefur Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður, sem verið hefur sjálfsvalinn réttargæslu-

maður Björns Vilmundarsonar við rannsóknina, borið fram þá kröfu:

„að þér, Þórir Oddsson, dómari í máli því, sem þér hafið unnið að rannsókn á fyrir Sakadómi Reykjavíkur, m. a. vegna meintra brota umbj. míns, víkið sæti sem dómari í málinu og jafnframt, að úrskurðað verði, að yfirsakadómariinn í Reykjavík sé vanhæfur til að vinna að málinu eða láta vinna að því.“

Rökstuðningur lögmannsins er þessi:

„Ofangreind krafa er byggð á því, að þér hafið brotið reglur um meðferð opinberra mála, sbr. bréf mitt til yfirsakadómarans í Reykjavík, dags. 17. okt. 1977, og sé af þeim ástæðum, sem þar eru taldar, ekki réttmætt, að þér haldið áfram rannsókn málsins. Þá er krafa umbj. míns einnig byggð á eftirfarandi:

Yfirsakadómariinn í Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, hefur með bréfi sínu til mín, Tómasar Gunnarssonar, hdl., lögmanns Björns Vilmundarsonar, dags. 4. nóv. 1977, lýst því, að hann telji, að ég hafi í greindu bréfi mínu til yfirsakadómarans, dags. 17. okt. 1977, viðhaft skammaryrði og ærumeiðandi aðdróttanir um yður, sem ekki væru lögmanni sæmandi, og í framhaldi af því sagt, að bréf mitt og tilgreint bréf hans yrðu send ríkissaksóknara og stjórn Lögmannafélags Íslands, sem ég hef ekki ástæður til að efast um, að hann hafi gert. Verður því að skoða þessa aðgerð yfirsakadómarans sem kæru á hendur mér, Tómasi Gunnarssyni, til ríkissaksóknara vegna meintra refsiverðra réttarbrotanna.“

Hinn 17. okt. hafði lögmaðurinn ritað yfirsakadómara bréf, þar sem hann krafðist þess, að „mál þetta verði án tafar tekið úr höndum Þóris Oddssonar og fengið öðrum.“ Kröfu þessa rökstyður lögmaðurinn með því, að rannsóknardómariinn hafi brotið grundvallarreglur í sambandi við rannsókn opinberra mála. Útlistar hann ásökun þessa í löngu máli, og virðist hann telja þessi atriði renna stoðum undir hana:

1) Rannsóknardómariinn hafi neitað að upplýsa, að hvaða brotum rannsóknin beinist.

2) Hann hafi neitað að láta sér eða Birni sjálfum gögn í té.

3) Gagnaöflun hafi farið fram, án þess að sérstakur fulltrúi ákærvalds eða sakbornings væru viðstaddir og dómariinn komið fram sem fulltrúi ákærvalds.

4) Brotið hafi verið gegn ákv. 16. gr. laga 74/1974.

Þá segir lögmaðurinn: „Ýmis önnur atriði en að framan greinir

gera Þóri Oddsson vanhæfari í augum umbj. míns til að fara með rannsókn málsins.“ Hér tilfærir hann þessi atriði:

5) Mikill dráttur hafi orðið á rannsókninni.

6) Málið hafi verið blásið út í fjölmiðlum sem eitt af stærstu misferlismálum þessa áratugs, „og virðist dómarafulltrúinn a. m. k. hafa átt nokkurn þátt í því að viðhalda trú blaðamanna um, að svo væri, og að því er talið er af hálfu umbj. míns með því að gefa upplýsingar, sem ekki eru réttar.“

7) Enn segir í bréfi lögmannsins: „Þá skal einnig skýrt frá, að af hálfu umbj. míns er efast um áreiðanleika dómarafulltrúans í þessu máli o. s. frv.“

Bréfinu svaraði yfirsakadómari 4. nóvember sl. og hafnaði kröfum lögmannsins um breytta tilhögun rannsóknarinnar.

Kröfugerð þá, sem hér er til úrskurðar, hefur lögmaðurinn rökstutt með því að skírskota til bréfs síns 17. okt., er að ofan er lýst, enn fremur hefur hann skírskotað til ákv. 1. mgr. 36. gr. einkamálalaganna sbr. 7. tölul. sömu greinar, svo og 10. gr. (sic) og 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974.

Um framangreindar röksemdir lögmannsins er þetta að segja:

Um 1) Kærða var í byrjun rannsóknar afhent ljósrit af bréfum ríkissaksóknara til dómsins og bréfi rannsóknadeildar ríkisskattstjóra til ríkissaksóknara, en í bréfum þessum greinir, hvernig málið er lagt fyrir dóminn.

Um 2) Skv. 78. gr. laga 74/1974 metur dómari, hvenær fært sé að láta skjöl í té.

Um 3) Dómari metur, hvenær rétt sé, að sökunautur sé viðstaddur yfirheyrslur, sbr. hér 4. mgr. 77. gr. laga 74/1974.

Um 4) Dómari metur, hvenær þinghaldi skuli lokað skv. 16. gr., sbr. hér einnig 2. tl. 170. gr. laga 74/1974.

Um 5) Dráttur á rannsókninni veldur ekki vanhæfi dómars, enda réttlætist dráttur sá, sem hér hefur orðið, af miklu annríki rannsóknardómarans. Mundi það og vissulega valda mjög miklum drætti á rannsókninni í viðbót, ef skipta ætti um rannsóknardómara.

Um 6—7) Skammaryrði og ærumeiðandi aðdróttanir um rannsóknardómarann eru ekki marktæk rök fyrir kröfugerð, enda gera skammaryrði um dómara hann ekki vanhæfan til að fara með mál.

Um skírskotun til 1. mgr. 7. tl. 36. gr. einkamálalaga, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974, er það að segja, að ekki er dómara kunnugt um, að neitt það, er segir í þessum tölulið, geti átt við hann,

enda ekkert það komið fram í málinu, sem renni stoðum undir slíkan skilning.

Skírskotun til 10. gr. laga 74/1974, sem fjallar um meðdómendur, er út í hött.

Um síðari lið kröfugerðar lögmannsins, þess efnis að úrskurðað verði, að yfirsakadómariinn í Reykjavík sé vanhæfur til að vinna að málinu eða láta vinna að því, er það eitt að segja, að hann er naumast skiljanlegur, þegar haft er í huga, að einu afskipti yfirsakadómara af málinu eru þau, að hann fól rannsóknardómaranum sem fulltrúa við sakadóm Reykjavíkur að annast rannsókn málsins, auk þess sem hann svaraði bréfi, sem til hans barst frá lögmanninum, og framsendi það stjórn Lögmannafélags Íslands og ríkissaksóknara.

Þar sem telja verður, að dómsathafnir rannsóknardómara séu unnar á hans eigin ábyrgð, en ekki yfirsakadómara, þykir kröfugerð þessi út í hött, og ákvæði 7. tl. 1. mgr. 36. gr. laga 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 74/1974, ekki eiga við hann.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða kröfur Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns f. h. Björns Vilmundarsonar ekki teknar til greina.

Úrskurðarorð:

Kröfur Tómasar Gunnarssonar héraðsdómslögmanns f. h. Björns Vilmundarsonar verða ekki teknar til greina.

Miðvikudaginn 18. janúar 1978.

Nr. 217/1977. **Katrín Þorvaldsdóttir**

gegn

Hilmari Péturssyni.

Kærumál. Barn. Umgegnisréttur. Úrskurður um dómkvaðningu matsmanna úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með kæru 1. desember 1977, sem barst